

REGLUGERÐ

um breyting á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands
nr. 70/ 1982, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 400 krónum en síðari ferðir að frádregnum 200 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 72/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

14. september 1983

Nr. 632

REGLUR

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1983.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölu, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1983, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

	kr.
I. flokkur	9 670,00
II. flokkur	8 170,00
III. flokkur	6 800,00
IV. flokkur	4 800,00
V. flokkur	3 600,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:
Keflavíkur Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur:
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Laugavegs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:
Akureyrar Apótek
Apótek Austurbæjar
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Háaleitis Apótek
Kópavogs Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur:
Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Stykkishólms Apótek

V. flokkur:
Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek

Nes, Apótek, Neskaupstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek, Hellu
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek, Hveragerði

3. gr.

Lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur:
G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur:
Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes hf.

III. flokkur:
Farnasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf hf.

4. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald skv. II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða til ríkisfóhbirðis fyrir 15. október 1983. Gjaldið er lögtakskráft.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. september 1983.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.